

Sp.

300. Fyrirspurnir.

[161. mál]

I. Til samgönguráðherra um yfirlitsáætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins.

Frá Gísla Guðmundssyni.

Er lokið framkvæmd þingsályktunar 16. maí 1972 um yfirlitsáætlun um fullnaðaruppbyggingu þjóðvegakerfisins samkv. vegalögum, og ef svo er, hver er þá aðalniðurstaða kostnaðaráætlunarinnar?

II. Til forsætisráðherra um störf stjórnarskrárnefndar.

Frá Gísla Guðmundssyni.

1. Hvað líður störfum stjórnarskrárnefndar, sem kosin var á Alþingi samkvæmt þingsályktun 18. maí 1972?
2. Má telja líklegt, að hægt verði að leggja frumvarp til nýrrar lýðveldisstjórnarskrár fyrir Alþingi 1974?